

8. skástæði undir ca. 70° horni verði báðum megin á Grettisgötu á kaflanum milli Rauðarárstígs og vesturmarka lóðar nr. 90,
9. einstefna verði á Njálsgötu frá Snorrabraut að Rauðarárstíg,
10. komið verði fyrir skástæðum undir 45° horni á Njálsgötu að sunnanverðu (þ.e. hægra megin miðað við akstursstefnu) á kaflanum milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs. Ákvörðun þessi tekur gildi 20. nóvember 1988.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 1988.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. leyfa bifreiðastöður á Frakkastíg að vestanverðu á milli Laugavegar og Hverfisgötu og þar verði settir upp 10 stöðumælar,
2. á Klapparstíg að vestanverðu komi 45° skástæði milli Lindargötu og Hverfisgötu og fjölgun stöðureita verði úr 7 í 15,
3. á Laugavegi að sunnanverðu á milli Barónsstígs og Frakkastígs komi 30° stæði í stað samsíða stæða og verður fjölgun stöðureita úr 37 í 50,
4. á Laugavegi að norðanverðu framan við hús nr. 1 verði leyfðar bifreiðastöður og þar komi 2 stöðureitir,
5. á Bankastræti að norðanverðu vestan innkeyrslu að húsinu nr. 3 komi 2 stöðureitir,
6. á Austurstræti að norðanverðu á milli Pósthússtrætis og Vallarstrætis komi 30° skástæði í stað samsíða stæða og fjölgar þá stöðureitum úr 15 í 21,
7. einstefnuakstur verði á Njálsgötu til austurs frá Klapparstíg að Snorrabraut. Bifreiðastöður verði áfram bannaðar að norðanverðu við götuna en leyfðar að sunnanverðu og þar verða merkt 45° skástæði. Bifreiðastæðum fjölgar þá úr 83 í 132,
8. einstefnuakstur verði á Grettisgötu til vesturs frá Snorrabraut að Vegamótastíg. Bifreiðastöður verða áfram bannaðar að norðanverðu við götuna á milli Barónsstígs og Vegamótastígs en leyfðar að sunnanverðu á sama kafla. Á milli Barónsstígs og Snorrabrautar verður áfram leyft að leggja beggja vegna götunnar,
9. bifreiðastöður verði leyfðar á Bókhöldustíg að norðanverðu á milli Lækjargötu og Laufásvegar og þar verða settir upp 4 stöðumælar við samsíða stöðureiti,
10. biðskylda verði á Njálsgötu við Vitastíg,
11. biðskylda verði á Grettisgötu við Frakkastíg,
12. biðskylda verði á Vitastíg við Bergþórugötu,
13. stöðvunarskylda á Frakkastíg við Njálsgötu verði afnumin. Ákvörðun þessi tekur gildi 20. nóvember 1988.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 1988.*

**Böðvar Bragason.**